Nr. 13.
19. septbr.

# Lög
um
kirkjugjald af húsum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af öllum húsum skal greiða gjald til hlutaðeigandi kirkju, 5 aura af hverjum 100 krónum í virðingarverði húsanna, hvort sem þau eru einstakra manna eign eða þjóðeign, ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika. Þó er kirkjan sjálf undanþegin gjaldi þessu.

2. gr.

Gjald þetta skal húsráðandi greiða, hvort sem hann er eigandi eða leiguliði. Af húsum, sem til almennrar notkunar eru höfð, greiðir eigandi gjaldið.

3. gr.

Á hús þau í Reykjavíkurkaupstað, sem eru í ábyrgð fyrir bruna, skal jafna gjaldinu niður eptir virðingargjörð þeirri, sem haldin hefir verið samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874., 4. og 5. gr., en á hin húsin í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eptir þeirri virðing, sem þegar hefir farið þar fram. Öll önnur hús skal virða eptir þeim reglum, sem landshöfðinginn setur, og skal gjaldið lagt á þau samkvæmt þeirri virðingargjörð.

4. gr.

Gjaldið skal greiða kirkjuhaldara innan loka hvers reikningsárs, og hefir það sama forgöngurjett og lögtaksrjett, sem önnur gjöld til almennings þarfa.

5. gr.

Gjald eptir þessum lögum skal í fyrsta skipti heimta saman í fardögum 1881.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 19. dag septbrm. 1879.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 13. Lög 19. septbr um kirkjugjald af húsum.
20. dag septbrm.

# Lov

Nr. 13. 19de Septbr.

om

## Kirkeafgift af Huse.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af alle Huse skal til vedkommende Kirke svares en Afgift af 5 Øre af hver 100 Kroner af Husenes Taxationsværdi, hvad enten de ere i Privates eller det Offentliges Eie, naar de ikke høre til en skyldsat Eiendom Dog er Kirken selv fritagen for denne Afgift.

§ 2.

Afgiften udredes af Husenes Brugshavere, hvad enten de ere Eiere eller Leietagere. Af Huse, som benyttes i det Offentliges Tarv, betaler Eieren Afgiften.

§ 3.

Paa de Huse i Reykjavik Kjøbstad, der ere brandforsikrede, paalignes Afgiften overensstemmende med den i Henhold til Forordning af 14de Februar 1874 §§ 4 og 5 afholdte Vurdering, men paa de øvrige Huse i Kjøbstadens Jurisdiktion efter den Vurdering, som allerede der er foretagen. Alle andre Huse skulle vurderes efter de Regler, som fastsættes af Landshøvdingen, og Afgiften paalignes dem efter denne Vurdering.

§ 4.

Afgiften skal erlægges til vedkommende Kirkeværge inden hvert Regnskabsaars Udgang, og nyde samme Fortrinsret og Udpantningsret som andre offentlige Afgifter.

§ 5.

Afgift efter denne Lov opkræves første Gang i Fardag 1881.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 19de Septbr. 1879.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*